

2099

Miðvikudaginn 24. nóvember 1993.

Nr. 439/1993. **Jóhanna Tryggvadóttir og
Heilsuræktin**

gegn

**Guðmundi Ingva Sigurðssyni,
Jóhanni H. Níelssyni,
Sveini Snorrassyni,
Birgi Guðjónssyni,
Jóhanni Lárusi Jónassyni,
Vígundi Þór Þorsteinssyni og
Íslensku óperunni.**

Kærumál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Leiðbeiningar-
skylda dómara. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson,
Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12.
október sl. Gögn kærumálsins bárust réttinum 1. nóvember.
Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið
og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og
kveða upp í því dóm.

Varnaraðilar krefjast allir staðfestingar hins kærða úrskurðar og
kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilar höfðuðu mál þetta gegn ellefu aðilum með ódag-
settri stefnu, sem er með margvíslegum annmörkum bæði að efni
og formi, svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði. Af hálfu
stefndu var ekki mætt við þingfestingu málsins, enda þingdagur
ekki tilgreindur í stefnunni. Við svo búið brast lagaskilyrði fyrir
þingfestingu málsins, og bar dómara að rækja þá þegar leiðbein-
ingarskyldu sína við sóknaraðilann Jóhönnu Tryggvadóttur
samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála
með því að gera henni þetta ljóst. Það fórst fyrir, og höfðuðu
sóknaraðilar „framhaldssök“ í málinu, að því er ætla verður, til
að freista þess að bæta á þann hátt úr þeim formgöllum, sem á
stefnunni voru og gerð er grein fyrir í hinum kærða úrskurði með
vísan til i-, j-, og k-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991. Til þess voru

hins vegar engin réttarfarsleg skilyrði, enda er höfðun framhalds-sakar einungis úrræði samkvæmt 29. gr. laga nr. 91/1991 til að auka við fyrri kröfu eða hafa uppi nýja kröfu í máli að fullnægðum skilyrðum, sem lagagreinin áskilur. Málinu var síðan að beiðni stefndu frestað á reglulegu dómþingi til 1. desember s. á. og síðan til 15. s. m., er það fór í hendur dómstjóra til úthlutunar.

Eigi verður séð af kærugögnum, hvenær héraðsdómari sá, er kvað upp hinn kærða úrskurð, fékk málið til meðferðar, en hann virðist fyrst hafa þingað í því 5. maí 1993. Var þá leitað sátta með aðilum og ákveðinn munnlegur málflutningur um frávísunarkröfur þeirra sjö stefndu, sem þing höfðu sótt. Málið var síðan tekið fyrir á dómþingi 17. maí og 16. júní, en frestað í bæði skipti vegna forfalla sóknaraðila. Við þennan dómara er ekki að sakast um það, sem aflaga fór um meðferð málsins fram að þeim tíma, er hann fékk það til meðferðar. Hann átti hins vegar, þegar er hann hafði tekið við málinu og kynnt sér gögn þess, að boða sóknaraðilann Jóhönnu Tryggvadóttur á sinn fund og gera henni grein fyrir göllum á málalíbúnaði hennar og óhjákvæmilegum afleiðingum þeirra fyrir framhald málsins. Ef hún að fengnum þeim leiðbeiningum hefði ekki fallist á hafningu málsins, átti héraðsdómari þegar að hefjast handa um frávísun þess ex officio og þá eingöngu með vísan í frávísunarúrskurði til formgalla á upphaflegri stefnu. Reifun málsins að öðru leyti í úrskurðinum var ástæðulaus og lengdi hann til muna að óþörfu. Þá áttu leiðbeiningar fyrir sóknaraðila ekki heima í úrskurðinum. Þeirra átti sóknaraðili að fá notið þegar í upphafi málsins samkvæmt því, sem áður sagði.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar um frávísun málsins, en jafnframt verður að ómerkja alla meðferð þess í héraði.

Með hliðsjón af þessari ólögsmætu málsmeðferð og þegar litið er til þess, að sóknaraðilinn Jóhanna Tryggvadóttir er ekki lögfræðingur og naut ekki viðhlítandi leiðbeininga dómara, er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Sóknaraðilar greiði stefndu kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Mál þetta er hið fjórða, sem sóknaraðilinn Jóhanna Tryggvadóttir flytur sjálf og verið hafa til dómsmeðferðar fyrir Hæstarétti

á nokkrum dögum. Það er sammerkt málunum, að þau eru viðameiri en svo, að það hafi getað verið á færi annarra en málflutningsmanna að búa þau þannig í hendur dómstóla, að viðunandi væri.

D ó m s o r ð:

Meðferð máls þessa í héraði á að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir og Heilsuræktin, greiði varnaraðilum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Jóhanni H. Níelssyni, Sveini Snorrasyni, Birgi Guðjónssyni, Jóhanni Lárusi Jónassyni, Víglundi Þór Þorsteinssyni og Íslensku óperunni, hverjum um sig 12.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. september sl. að loknum málflutningi um fram komna frávisunarkröfu stefndu.

Stefnendur eru Jóhanna Tryggvadóttir, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, og Heilsuræktin, sjálfseignarstofnun, kt. 500169-5729, Glæsi-bæ 74, Reykjavík.

Stefndu eru: Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., kt. 160122-4319, Hvassaleiti 113, Reykjavík, Jóhann H. Níelsson hrl., kt. 010731-3219, Stekkjarflöt 12, Garðabæ, Sveinn Snorrason, kt. 210525-2889, Faxatúni 1, Garðabæ, allir þrír sem skiptaforstjórar í dánarbúi Helgu Jónsdóttur skv. sérstöku umboði, dags. 17. 12. 1982, Birgir Guðjónsson læknir, kt. 081138-2309, Álftramýri 51, Reykjavík, Jóhann L. Jónasson læknir, kt. 120634-2089, Hofteigi 8, Reykjavík, Víglundur Þór Þorsteinsson læknir, kt. 240734-4199, Gígjulundi 7, Garðabæ, Leikfélag Reykjavíkur, kt. 420269-6849, Listabraut 3, Reykjavík, Listasafn Íslands, kt. 440269-5599, Íslenska óperan, kt. 491080-0279, Minningarsjóður skv. skipulagsskrá nr. 506/1980 og Minningarsjóður skv. skipulagsskrá nr. 505/1980.

Málið er upphaflega höfðað með ódagsettri stefnu á hendur ofangreindum stefndu, og var það þingfest 20. október 1992.

Stefnan var birt stefndu Guðmundi Ingva Sigurðssyni, Sigurði Hróarsyni, Birgi Guðjónssyni, Jóhanni L. Jónassyni, Ólafi G. Einarssyni og Sveini Snorrasyni 16. október 1992, en fyrir stefndu Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur 17. október s. á. Fyrir stefnda Víglundi Þór Þorsteinssyni var stefnan birt 19. október s. á. og sama dag fyrir Sveinbirni Björnssyni

v/framangreindra minningarsjóða, en báðir mótmæltu þeir birtingu stefnunnar vegna of skamms stefnufrests. Stefnan var ekki birt fyrir stefnda Jóhanni H. Níelssyni.

Stefnendur létu síðan birta öllum framangreindum stefndu eða tilgreindum fulltrúum þeirra framhaldsstefnu, dagsetta 28. október 1992. Stefnt var til þingfestingar framhaldssakar 3. nóvember s. á. og framhaldssök þingfest þá.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnenda, sem settar eru fram í stefnunni, sem þingfest var 20. október 1992, eru sem hér segir:

Í upphafi stefnunnar er þess getið, að málið sé höfðað til riftunar á sölu efstu hæðar álmu C í Glæsibæ og að Heilsuræktinni verði dæmdur réttur til að ganga inn í gerðan kaupsamning að þeim hluta eignarinnar, er Heilsuræktin framleigði af Læknastöðinni hf.

Jafnframt er málið höfðað til greiðslu skuldar, að fjárhæð 123.133.410 kr., uppreiknað án vaxta, og gerð krafa um vexti á verðlagi (sic). Þess var getið, að nánari fjárhæð krafna yrði sett fram á síðari stigum málsins (sic). Þá er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, sem lagður verði fram við aðalflutning málsins, ef til hans kæmi.

Undir liðnum Dómkröfum í stefnunni gera stefnendur þær dómkröfur, að Heilsuræktin fái að ganga inn í kaupsamning, dags. 3. 6. 1983, milli Íslensku óperunnar og fleiri gjafþega db. Helgu Jónsdóttur sem seljanda og aðila í stjórn Læknastöðvarinnar hf., sem höfðu ekki umboð hlutafélagsins til samnings þessa, þ. e. þann hluta, er Heilsuræktin framleigði af Læknastöðinni hf. og átti forkaupsrétt að að Læknastöðinni frágenginni.

Einnig eru skaðabótakröfur á hendur skiptaforstjórum ofangreinds dánarbús svo og á hendur læknum Vígundi Þór Þorsteinssyni, Jóhanni Lárusi Jónassyni og Birgi Guðjónssyni fyrir að hafa án umboðs og heimildar Læknastöðvarinnar hf. undirritað ofangreindan kaupsamning.

Þá er þess krafist af stefnenda hálfu, að kostnaður v/matsgerðar v/matsmálsins nr. 46 frá 1983 verði framreiknaður og greiddur Heilsuræktinni úr hendi útburðarbeiðenda.

Loks krefst undirrituð, Jóhanna Tryggvadóttir, miskabóta persónulega sér til handa að mati dómsins vegna þeirra óþæginda og mannorðsráns, er hún hafi orðið að þola sem forstöðumaður Heilsuræktarinnar.

Dómkröfur stefnenda í framhaldsstefnu, sem þingfest var 3. nóvember 1992, eru efnislega þær sömu og í fyrri stefnu.

Í síðari stefnu segir, að málið hafi verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. október 1992 kl. 10.00 og að framhaldsstefna þessi skuli sameinast

Því máli, þar sem birting hafi ekki tekist á hendur stefndu Jóhanni H. Níelsyni, Víglundi Þór Þorsteinssyni og Sveinbirni Björnssyni háskólafekkari v/Minningarsjóðs skv. skipulagsskrá nr. 506/1980 og Minningarsjóðs skv. skipulagsskrá nr. 505/1980. Einnig sé framhaldsstefnt til leiðréttingar á skorti á fyrirkalli og þess óskað, að framhaldsstefnan sameinist fyrri stefnu.

Enginn stefndu var við þingfestingu málsins 20. október, enda láðist að tilgreina í stefnunni dómþing, þar sem málið skyldi þingfest, sbr. i-lið 80. gr. laga nr. 91/1991, áskorun til stefndu skv. j-lið sömu lagagreinar og viðvörðun um afleiðingar útvistar skv. k-lið framangreindrar lagagreinar.

Þessir stefndu mættu í málinu við þingfestingu framhaldssakar og tóku til varna gegn kröfum stefnenda: Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. fyrir sig sjálfan, Jóhann H. Níelsson hrl. fyrir sig sjálfan og db. Helgu Jónsdóttur, Sveinn Snorrason hrl. fyrir sig sjálfan og Birgir Guðjónsson, Jóhann L. Jónasson, Víglundur Þór Þorsteinsson og Þorsteinn Júlíusson hrl. fyrir hönd Íslensku óperunnar. Ekki var mætt í málinu af hálfu Leikfélags Reykjavíkur, Listasafns Íslands og minningarsjóðanna beggja.

Dómkröfur stefndu, sem mættu í málinu, eru samhljóða, og krefjast þeir aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda á hendur þeim.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda að óskiptu að mati dómsins.

Þingsókn féll niður af hálfu Íslensku óperunnar í þinghaldi, sem fram fór í málinu 5. maí sl., en greinargerð af hálfu þessa varnaraðila var lögð fram í málinu 15. desember 1992, þar sem gerðar eru sömu kröfur og aðrir varnaraðilar hafa sett fram og lýst er hér að framan.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Fallist er á þau sjónarmið stefndu, að málið sé lagt þannig fyrir dóminn, að þess sé enginn kostur að leggja á það efnisdóm. Til þess liggja margar ástæður, og verða nokkrar tilgreindar hér til leiðbeiningar fyrir stefnanda, Jóhönnu Tryggvadóttur, sem er ólöglerð, eins og áður er getið.

Fyrst skal telja, að stefndu Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., Jóhanni Hinriki Níelssyni hrl. og Sveini Snorrassyni hrl. er öllum stefnt sem skiptaforstjórum dánarbús Helgu Jónsdóttur á grundvelli umboðs erfingja dánarbúsins, sem dagsett er 17. desember 1982 og að framan er lýst. Umboð þetta tengist á engan hátt dánarbúi Helgu Jónsdóttur, heldur snýr að hlutaðeigandi erfingjum dánarbúsins, sem það veitti. Því var óþarft að stefna þremmenningum þessum til riftunar á kaupsamningnum frá 3. júní 1983, heldur bar að stefna samningsaðilum til riftunar samningsins, en þeir voru:

a) Allir seljendur umrædds eignarhluta í húseigninni Glæsibæ, Álfheimum 74, Reykjavík.

b) Læknastöðin hf. Birta þarf stefnu fyrir núverandi stjórn félagsins eða núverandi stjórnarformanni og/eða núverandi framkvæmdastjóra og öðrum, sem stóðu að kaupum eignarhlutans.

c) Núverandi þinglýstur eigandi eignarinnar.

Aðilum skv. b- og c-lið hér að framan var ekki stefnt fyrir dóm.

Seljendum er hins vegar stefnt til varna í málinu, en ekki gerð grein fyrir því, hver séu tengsl þeirra einstaklinga við seljendur, sem stefnt er fyrir þeirra hönd.

Í annan stað bar nauðsyn til að gera grein fyrir því í stefnu, hvaða verð og greiðslukjör stefnendur byðu fram á þeim eignarhluta, sem forkaupsréttur Heilsuræktarinnar tók til að þeirra mati, og afmarka í stefnu með skýrum hætti, til hvaða hluta eignarinnar forkaupsrétturinn næði að þeirra dómi, — enn fremur, hvaða aðilar ættu að veita viðtöku andvirði eignarhlutans.

Að því er varðar fjárkröfu stefnenda á hendur stefndu, að fjárhæð 123.133.410 kr., var nauðsynlegt að útlista strax í upphafi, hvernig sú fjárhæð var fundin og hvernig greiðsluskyldu hvers og eins stefnda var háttað að mati stefnenda. Þá bar að tilgreina, hvaða dráttarvexti stefnufjárhæðin skyldi bera og frá hvaða degi.

Sama er að segja um kröfu stefnenda til greiðslu matskostnaðar úr hendi útburðarbeiðanda vegna matsmálsins nr. 46 frá 1983. Hér er ekki ljóst, hvort átt er við kostnað við framkvæmd matsins eða hvort hér er krafist skaðabóta á grundvelli matsgerðar þeirrar, sem átti sér stað. Enn fremur er hér gerð krafa til framreiknaðra bóta, án þess að það sé nokkuð skýrt frekar.

Þá er ekki heldur fullljóst, að hverjum þessi kröfufliður beinist, þó að ætla megi, að hann snúi að Læknastöðinni hf. Henni var ekki stefnt í máli þessu, eins og áður segir, og krafan því ekki dómtæk að efni til þegar af þeirri ástæðu.

Þá er vaxtakrafa stefnenda í þessum kröfuflið ekki heldur dómtæk sökum vanlýsingar.

Fleira mætti tína til, svo sem miskabótakröfu stefnenda á hendur stefndu.

Loks má nefna sem frávisunarástæðu, að málinu er fyrst stefnt fyrir dóm 20. október 1992 með stefnu, sem á engan hátt fullnægir lagaskilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991. Úr þessu var ekki unnt að bæta með framhaldssök þeirri, sem þingfest var hér fyrir dómi 3. nóvember s. á., og hefði átt að vísa málinu frá þegar af þeirri ástæðu.

Með hliðsjón af öllu því, sem að framan er rakið, verður að vísa málinu frá dómi.

Miðað við þessi úrslit þykir rétt, að stefnendur greiði óskipt hverjum

stefndu, sem tekið hafa til varna í málinu, málskostnað sem hér segir: Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl. 70.000 kr., Jóhanni H. Níelssyni hrl. 35.000 kr., Sveini Snorrasyni hrl. 25.000 kr., Birgi Guðjónssyni lækni 25.000 kr., Víglundi Þór Þorsteinssyni lækni 25.000 kr., Jóhanni L. Jónassyni lækni 25.000 kr. og Íslensku óperunni 25.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Málskostnaður til handa db. Helgu Jónsdóttur dæmist ekki, þar sem skiptum dánarbúsins er löngu lokið, og hefur dánarbúið því ekki aðildarhæfi með hliðsjón af 16. gr. laga nr. 91/1991.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur greiði hverjum eftirtalinna stefndu, sem tekið hafa til varna í málinu, málskostnað sem hér segir: Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl. 70.000 kr., Jóhanni H. Níelssyni hrl. 35.000 kr., Sveini Snorrasyni hrl. 25.000 kr., Birgi Guðjónssyni lækni 25.000 kr., Víglundi Þór Þorsteinssyni lækni 25.000 kr., Jóhanni L. Jónassyni lækni 25.000 kr. og Íslensku óperunni 25.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Málskostnaður til handa db. Helgu Jónsdóttur dæmist ekki, þar sem skiptum dánarbúsins er löngu lokið, og hefur dánarbúið því ekki aðildarhæfi með hliðsjón af 16. gr. laga nr. 91/1991.
